

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73, 28. maí 1984, um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 7, 8. janúar 1986 sbr. nr. 314/1986.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Hafnarfjarðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að nota heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krýsuvíkurvegar, er lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964 og lóðum og fasteignum þeim í landi Setbergs og Þórsbergs sem lagðar voru undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 34/1978.

Nánar til tekið eru eignir þessar m.a.:

Jörðin Lónakot (þjóðskr. nr. 9999–4000).

Jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarsstaðir II, Óttarsstaðagerði, Glaumbær og aðrar eignir á jörðinni.

(Þjóðskr. nr.

9998–5000 9999–5000

9998–5100 9999–5100

9998–5200 – Glaumbær – 9999–5120

9998–5300 9999–5130

9998–5500 9999–5140

9998–5600 9999–5150

9998–5700 9999–5160

9998–5800 – Óttarsstaðagerði)

Pýskabúð (þjóðskr. nr. 9998–6800).

Land Skógræktar ríkisins og Landgræðslusjóðs (þjóðskr. nr. 6950–9700 og 6950–9810).

Landspildur Ísl. álfélagsins hf. (þjóðskr. nr. 6950–9800 og 9998–9800 – Gerði –).

Sá hluti jarðarinnar Setbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.

Sá hluti eignarinnar Þórsbergs, sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.